

Mál nr. 113/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (A).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss við lestun álbolta um borð í skip.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30. júlí 2014 vann M, sumarstarfsmaður hjá A, við að lesta álbolta um borð í flutningaskip. Af gögnum málsins má ráða að umræddir álboltar séu sívalir, nokkuð langir og festir saman í búntum eða stæðum þannig að 25 boltar séu í hverri stæðu, fimm á breidd og fimm á hæð. Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, sem undirrituð er af M og A, segir að M hafi verið að vinna við lestun boltanna í lest skipsins. Loftbelgir hafi verið notaðir til að sjóbúa álið í lestinni og þá sé bil á milli stæðanna þar sem loftbelgirnir eru. M hafi verið að bera timbur sem er notað samhliða belgjum og stigið niður í geil á milli belgjanna og fallið 1,6-1,7 metra niður og orðið fyrir meiðslum á höfði og baki.

Telur M að A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit.

M vann umrætt verk við erfiðar aðstæður þar sem sýna þarf fyllstu aðgæslu, enda erfitt um vik að koma að búnaði eða gera aðstæður í lestinni þannig að slysaætta sé ekki fyrir hendi. Sjálft verkið var að öðru leyti tiltölulega einfalt í sniðum. Ekkert haldbært hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að mistök hafi átt sér stað við að koma stæðunum fyrir í lest skipsins. Ekki verður heldur séð að slysið megi rekja til skorts á leiðbeiningum eða ófullnægjandi verkstjórnar. Að öllu virtu verður að telja ósannað að slysið megi rekja til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.